

# Lög

## um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

---

### 1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Vitagjald, 78,20 kr. af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en 3.500 kr.

### 2. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar afla samþykkis Siglingastofnunar Íslands fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Jafnframt skal leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. desember 2002.*